



## Fundargerð hreppsnefndar 21. júní 2012

**Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 21. júní 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Á Fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Björn Halldórsson og Bárður Jónasson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 7. júní sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 7. júní sl.

Fundargerðin síðan samþykkt Samhljóða.

2. mál. Fundargerðir húsnæðisnefndar frá 8. og 15. júní sl.

Bárður Jónasson vék af fundi undir umfjöllun þessa málsliðar.

Lagðar fram fundargerðir húsnæðisnefndar frá 8. og 15. júní sl.

Oddviti kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðar frá 15. júní sl. og gerði grein fyrir málinu.

Nokkrar umræður urðu um málið, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Hreppsnefnd tekur undir samþykkt húsnæðisnefndar varðandi úthlutun íbúðar.

Jafnframt tekur hreppsnefnd undir tilmæli nefndarinnar, sem fram koma í 4. tl. fundargerðar frá 8. júní sl.

Nokkur umræða fór einnig fram um það að endurskoða þyrfti verð á leiguverði félagslegra leiguíbúða, sem er lágt hér á Vopnafirði samanborið við ýmsa aðra staði.

Bárður Jónasson, mætti aftur á fund.

3. mál. Bréf Þjóðskrár dags. 13. júní sl., varðandi kjörskrárstofna frá Þjóðskrá vegna forsetakosninga 30. júní nk., ásamt kjörskrárstofni.

Lagt fram bréf Þjóðskrár Íslands frá 13. júní sl., þar sem fram koma fyrirmæli um meðferð kjörstofna frá Þjóðskrá, vegna forsetakosninga þann 30. júní nk.

Jafnframt lagður fram stofn að kjörskrá fyrir Vopnafjarðarhrepp, sem unnin hefur verið af Þjóðskrá Íslands. Alls eru 519 á kjörskrá Vopnafjarðarhrepps fyrir forsetakosningar 30. júní 2012, þar af eru 279 karl og 240 konur.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir samhljóða framlagða kjörskrá fyrir forsetakosningar 30. júní n. k. eins og hún liggur fyrir og felur sveitarstjóra að yfirfara hana og undirrita.

Kjörskráin hefur legið frammi á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps frá 15. júní sl. og mun liggja þar fram á kjördag 30. júní nk.

4. mál. Vatnsveituframkvæmdir. Lögn félagsheimili-HB Grandi.

Lögð fram gögn frá Verkfræðistofu Austurlands varðandi framkvæmdir við vatnsveitulögn frá félagsheimilinu Miklagarði niður að fiskiðjuveri HB- Granda. Ráðgert er að ráðast í framkvæmdina seinni part sumars eða í haust. Með þessari lögn er talið að unnt verði að tryggja betur en ella vatnsprýsting í kerfi vatnsveitunnar þó vinnsla sjávarafurða sé í fullum gangi hjá HB-Granda.

Fram kom fyrirspurn hvort ekki hefði verið heppilegra að setja öll jarðvinnuverkefni á vegum sveitarfélagsins í einn pakka og bjóða þau þannig út í stað þess að skipta þeim upp eins og gert er. Sveitarstjóri svaraði framkominni fyrirspurn.

Hreppsnefnd samþykkti síðan, með 6 atkvæðum einn sat hjá, að fela sveitarstjóra að láta vinna verkið og finna heppilegustu leiðina við framkvæmdina.

5. mál Skálanesvík. Fráveituf framkvæmdir.

Lagðar fram hugmyndir að lagfæringum á útrásum í Skálanesvík. Teikningarnar eru unnar af Verkfræðistofu Austurlands. Hugmyndir eru uppi um það að ráðast í þessa framkvæmd í ár verði mögulegt að koma því við vegna annara verka sem í gangi eru. Fáist góð tilboð í útrásarverkefni í Hafnarbyggð er hugsanlega mögulegt að taka þetta sem viðbótarverk.

Hreppsnefnd telur mikilvægt að framkvæmd þessi verði unnin og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram með hliðsjón til stöðu annarra framkvæmda.

Málsmeðferð þessi var samþykkt með 6 atkvæðum einn sat hjá.

6. mál. Málningarverkefni, utan húss.

Kynntar voru hugmyndir um helstu verkefni sem brýn eru í utanhússmálun. Unnið er að málun Kaupvangs. Á síðasta ári voru allir gluggar og póstar málaðir og hafist handa við utanhúss málningu. Ljúka þarf þessu verkefni.

Jafnframt var gerð grein fyrir verkefnum eins og Sundabúð 3, sem nauðsynlegt er að mála að utan. Lokið hefur verið við málun á Sundabúð 1 og 2. Þá eru önnur stórverkefni eins og íþróttahúsið, gamli og nýi skólinn. Nauðsynlegt virðist vera að skoða gamla skólann sérstaklega með tilliti til lekavandamála. Málning á honum virðist vera að flagna af sökum raka sem kemur niður vegg. Á honum er steipt þak sem nauðsynlegt væri að fá álit sérfræðinga á því, hvort þyrfti lagfæringa við, áður en ráðist verður í heildarmálun skólans.

Einnig er orðið mikilvægt að mála húseignir eins og Þverholt 7-9 og Lónabraut 21. Einnig kom fram ábending um að nauðsynlegt væri að skoða málun á Hótel Tanga.

Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að láta ljúka við málun á Kaupvangi. Jafnframt að ráðist verði í málun á Sundabúð 3. Þá telur nefndin mikilvægt að reynt verði að komast yfir málun á íbúðarhúsum í eigu sveitarfélagsins, sem nefnd hafa verið hér að ofan.

Sveitarstjóra falið að leita samninga um þessi verkefni.

Hreppsnefnd telur einnig mikilvægt að þak gamla skólans verði skoðað af sérfræðingum áður en ráðist verður í málningu á húsinu. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að láta vinna slíka úttekt og fá tillögur um lausnir í þeim efnum.

Hreppsnefnd samþykkti þessa málsmeðferð með 7 atkvæðum.

7. mál. Malbikun. Helstu verkefni

Lagt fram yfirlit um helstu svæði sem hugmyndir eru uppi um að malbika í sveitarfélaginu. Ýmist af hálfu HB-Ganda, Vopnafjarðarhrepps og Vegagerðarinnar.

Farið var yfir þessi mál og hvernig hugsanlega yrði staðið að framkvæmd þeirra.

HB-Grandi hefur mikinn hug á að ljúka malbikun þeirra svæða, sem eru á hans vegum í ár. Eins og fram hefur komið þá verður á vegum Vopnafjarðarhrepps unnið að margvíslegum jarðvinnuframkvæmdum sem meðal annars eru í þeim götum sem fyrirhugað er að malbika. Af þeim sökum er ekki talið æskilegt að rjúka í malbikunarverkefni á vegum sveitarfélagsins og vegagerðarinnar á þessu ári nema þá að litlu leyti. Heldur einbeita sér að því að ljúka jarðvinnuverkefnum og undirvinnu á þessu ári og undirbyggja malbikun á því næsta.

Malbikunarframkvæmdir á vegum HB-Granda eru fyrirhugaðar í lok ágúst. Þá er hugsanlegt að mögulegt verði að taka götur eins og tengingu niður á höfn og frá Löndunarbyggju inn að Olíuport. Þetta byggir þó á því að mögulegt verði að ljúka nauðsynlegri jarðvinnu í þessum götum. Hreppsnefnd tekur undir þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að ljúka allri lagna og undirvinnu áður en ráðist verði í stórfelldar malbikunarframkvæmdir á vegum sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra í samráði við forstöðumann áhaldahúss að vinna að nauðsynlegum framkvæmdum í þessu sambandi, sem taki mið að því að unnt verði að ráðast í umgetnar malbikunarframkvæmdir sumarið 2013.

Þó skal athugað hvort mögulegt er að ná því að malbika þær götur sem nefndar voru hér að ofan sitthvoru megin við hafnar svæðið í ár.

Jafnframt er sveitarstjóra falið að leita hagkvæmustu leiða til þess að láta brjóta efni í undirlag fyrir öllum þessum svæðum. Slíkt efni er grundvöllur þess að eitthvað sé hægt að malbika og vinnsla þess þarf því að fara fram í sumar.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

8. mál. Sundlaug í Selárdal. Tímabundið starfsleyfi. Mögulegar aðgerðir. Heimild til að ráða sérfræðinga til þess að skoða mögulegar lausnir. Lagt fram Starfsleyfi sundlaugarinnar ásamt starfsleyfisskilyrðum. Jafnframt lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps, þar sem óskað er eftir framlengingu starfsleyfis. Um meðferð þessara mála gilda lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerð nr. 814 frá 2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

Eins og kunnugt er hefur um margra ára skeið verið erfiðleikum bundið að fá fullgilt starfsleyfi fyrir Sundlaugina í Selárdal. Að uppistöðu til snúa vandamálin að, annars vegar efnafræði vatnsins í sundlauginni og hvernig mögulegt er að halda uppi gæðum þess með tilliti til þeirra krafna, sem upp eru settar samkvæmt reglugerðum.

Hins vegar og ekki síður snýr málið að því hvort ekki sé nauðsynlegt að takamarka opnunartíma sundlaugarinnar og hafa þá ávallt gæslu í lauginni, þegar hún er opin. Þetta atriði er vissulega mikil breyting frá því sem verið hefur. Fram að þessu hefur einungis verið gæsla við sundlaugina um þriggjamánaða skeið á sumrin og þá tekinn aðgangseyrir. Sundlaugin hefur síðan verið til afnota fyrir þá sem sótt hafa hana heim á öðrum tíma, án endurgjalds. Á þeim tíma hefur áhaldahús sveitarfélagsins hugsað um nauðsynleg þrif og að hreinlætisvörur séu til staðar.

Miklar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Í máli þeirra kom fram mikilvægi þess að láta skoða allar mögulegar leiðir til þess að tryggja rekstur sundlaugarinnar innan þess laga -og reglugerðarramma, sem slíkum rekstri eru settar.

Fram kom svofelld tillaga:

“ Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að ráða sérfræðinga til þess að vinna að úttekt á sundlauginni í Selárdal með tilliti til þess að unnt verði að reka hana innan þess laga- og reglugerðarramma, sem um slíkan rekstur er settur. Verkefnið felur í sér að fara yfir þá möguleika sem til staðar eru og gera tillögur til úrbóta. Tillögur þessar taki sérstakt tillit til gæða baðvatns, opnunartíma og laga- og reglugerða, sem gilda um slíkan rekstur. Hreppsnefnd samþykkir að til starfans verði ráðnir Verkfræðistofa Norðurlands og verkfræðistofan Efla. Vinnu þessari skal flýtt sem kostur er og skulu tillögur á grundvelli þessarar vinnu liggja fyrir eigi síðar en um mánaðarmörin okt./nóv. nk.”

Fyrirliggjandi tillaga var síðan rædd og borin undir atkvæði.

Tillagan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

9. mál. Kjör oddvita og varaoddvita.

Samkvæmt 14. gr. sveitarstjórnarlaga þarf að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar í júní hvert ár, þar sem kjörtímabil þessara aðila er eitt ár.

Tillaga kom fram um að nýr oddviti sveitarstjórnar verði Þórunn Egilsdóttir

Samþykkt með 5 atkvæðum 2 sátu hjá.

Þá kom fram tillaga um að næsti varaoddviti yrði Bárður Jónasson.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt með 5 atkvæðum 2 sátu hjá.

10. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf Veiðifélags Hofsár, móttakið 15. júní sl., varðandi landeigendadaga. Fram kom ábending um smá leiðréttingu vegna bændadag. Verður því komið á framfæri við stjórn veiðifélagsins.

b) Bréf Skipulagsstofnunar frá 5. júní sl., varðandi efnistöku, framkvæmdaleyfi og mat á umhverfisáhrifum.

Vísað til kynningar í skipulags- og umhverfisnefnd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.35